

Nefndarálit með breytingartillögu

um tillögu til þingsályktunar um framkvæmdaáætlun í barnavernd
fram til næstu sveitarstjórnarkosninga árið 2014.

Frá meiri hluta velferðarnefndar.

Nefndin hefur fjallað um málið og fengið á sinn fund Þorgerði Benediktsdóttur og Guðríði Bolladóttur frá velferðarráðuneyti, Braga Guðbrandsson, Heiðu Björg Pálmadóttur, Halldór Hauksson og Pál Ólafsson frá Barnaverndarstofu, Ingibjörgu Elíasdóttur frá Jafnréttisstofu, Margréti Steinarsdóttur frá Mannréttindaskrifstofu Íslands, Gerði Árnadóttur og Jón Þorstein Sigurðsson frá Þroskahjálp, Sigrúnu Júlíusdóttur, prófessor í félagsfræði við Háskóla Íslands, Ernu Reynisdóttur og Margréti Júlíu Rafnsdóttur frá Barnaheillum, Margréti Maríu Sigurðardóttur, umboðsmann barna, og Elíabetu Gísladóttur, starfsmann embættis umboðsmanns barna, og Stefán Inga Stefánsson og Bergstein Jónsson frá UNICEF.

Þá hafa nefndinni borist umsagnir frá Barnaheillum, Barnaverndarstofu, Félagsráðgjafafélagi Íslands, Hrunamannahreppi, Jafnréttisstofu, Mannréttindaskrifstofu Íslands, Persónuvernd, Rannsóknastofnun í barna- og fjölskylduvernd, embætti umboðsmanns barna, UNICEF á Íslandi, Vestmannaeyjabæ og Þroskahjálp.

Almennt um framkvæmdaáætlun í barnavernd.

Skv. 5. gr. barnaverndarlaga, nr. 80/2002, er yfirstjórn barnaverndarmála í höndum velferðarráðuneytisins og ber ráðuneytið einnig ábyrgð á almennri stefnumótun í barnaverndarmálum. Skv. 7. gr. barnaverndarlaga skal Barnaverndarstofa vinna að samhæfingu og eflingu barnaverndarstarfs í landinu og vera ráðherra til ráðgjafar um stefnumótun í málaflokki og hlutast til um að fram fari þróunar- og rannsóknarstarf á sviði barnaverndar. Þá er Barnaverndarstofa til aðstoðar og leiðbeiningar fyrir barnaverndarnefndir í landinu, m.a. varðandi framkvæmd og túlkun barnaverndarlaga. Velferðarráðuneytið hefur eftirlit með starfi Barnaverndarstofu. Skv. 3. mgr. 5. gr. laganna skal ráðherra leggja fyrir Alþingi tillögu til þingsályktunar um framkvæmdaáætlun í barnavernd eftir hverjar sveitarstjórnarkosningar. Með framkvæmdaáætlun í barnavernd er horft til framtíðar og er hún grunnur að langtímaáætlun og stefnumörkun í málaflokki.

Þrátt fyrir að barnaverndarlögin séu frá árinu 2002 er þetta aðeins í annað sinn sem lögð er fram tillaga til þingsályktunar um framkvæmdaáætlun í barnavernd. Á vorþingi 2008 var samþykkt þingsályktunartillaga þáverandi félags- og tryggingamálaráðherra um framkvæmdaáætlun í barnavernd til sveitarstjórnarkosninga 2010 og nú á vorþingi 2013 er til umfjöllunar framkvæmdaáætlun í barnavernd til sveitarstjórnarkosninga árið 2014. Skv. 3. mgr. 5. gr. barnaverndarlaga skal framkvæmdaáætlunin lögð fram til fjögurra ára í senn og að loknum hverjum sveitarstjórnarkosningum. Þá metnaðarfullu framkvæmdaáætlun sem hér er til umfjöllunar verður því óhjákvæmilega að líta á í því ljósi að hún mun aðeins gilda í eitt ár. Hætt er við því að framkvæmdaáætlun í jafn mikilvægum málaflokki og barnavernd nái

ekki markmiðum sínum þegar framkvæmd hennar er gefinn jafn skammur tími og raun ber vitni.

Hinn 20. febrúar sl. samþykkti Alþingi lög um samning Sameinuðu þjóðanna um réttindi barnsins (155. mál, þskj. 1045) sem í daglegu tali er nefndur barnasáttmálinn. Telur meiri hlutinn það fagnaðarefni og til þess fallið að styrkja réttindi barna. Reglur barnasáttmálans miða að því að tryggja börnum ákveðin réttindi auk þess sem sáttmálinn leggur margvíslegar skyldur á stjórnvöld, t.d. varðandi fræðslu og forvarnir. Meiri hlutinn leggur áherslu á að litið verði til barnasáttmálans við framkvæmd framkvæmdaáætlunarinnar eftir því sem við á hverju sinni.

Í framkvæmdaáætluninni er lögð áhersla á að viðhalda þeirri þekkingu sem til staðar er um málaflökkinn hjá Barnaverndarstofu og efla hana eftir þörfum sem og þekkingu hjá barnaverndarnefndum. Gestir sem komu fyrir nefndina sem og umsagnaraðilar voru almennt jákvæðir gagnvart framkvæmdaáætluninni og reifuð voru fjölmörg sjónarmið á fundum nefndarinnar. Meiri hlutinn telur rétt að nefna að fram komu athugasemdir þess eðlis að um óraunhæfa framkvæmdaáætlun væri að ræða að nokkru leyti þar sem fyrirsjáanlegt væri að nauðsynlegt fjármagn til að hrinda mörgum verkefnum hennar í framkvæmd væri ekki til staðar. Þá var einnig bent á að verkefnum í áætluninni er ekki settur skýr tímarammi og þau eru ekki kostnaðargreind. Hér á eftir verður vikið að helstu atriðum sem meiri hlutinn telur rétt að fjalla um og leggja sérstaka áherslu á við afgreiðslu á málinu.

Nauðsyn og mikilvægi forvarna.

Það vekur óneitanlega athygli meiri hlutans að í framkvæmdaáætluninni er ekki að finna tillögur sem snúa að forvörnum gegn ofbeldi. Litlu opinberu fé hefur verið varið til forvarna gegn ofbeldi en frjáls félagasamtök hafa að mestu leyti fjármagnað slíkar forvarnir. Hins vegar er töluverðu opinberu fé varið til forvarna í ýmsum öðrum málaflökkum. UNICEF á Íslandi hefur gefið út tillögur um leiðir til að minnka ofbeldi gegn börnum á Íslandi og er þar að finna tillögu um að sett verði á laggirnar ofbeldisvarnaráð sem hafi það hlutverk að sjá um samhæfingu aðgerða og framkvæmd forvarna gegn ofbeldi sem beinist að börnum.

Tillaga UNICEF er nokkuð ítarlega útfærð í því skjali sem samtökin gáfu út 16. janúar sl. Þar kemur fram að markmið ofbeldisvarnaráðs væri m.a. að auka fræðslu og aðrar aðgerðir gegn ofbeldi með áherslu á ofbeldi gegn börnum. Í því sambandi væri nauðsynlegt að líta á ofbeldi sem sérstaka ógn og að markvisst yrði barist gegn því líkt og gert hefur verið um aðra þætti í samfélaginu, t.d. bætt umferðaröryggi með notkun öryggisbelta og aðgerðum til að draga úr ölvunarakstri þar sem náðst hefur töluverður árangur. Þá ætti ráðið að styðja og hvetja til rannsókna á umfangi og eðli ofbeldis á Íslandi og með sérstakri áherslu á ofbeldi gegn börnum. Er í því sambandi vikið að því að í aðgerðaáætlun þáverandi ríkisstjórnar árið 2006 var m.a. gert ráð fyrir því að gerð yrði heildstæð rannsókn á ofbeldi gegn börnum á Íslandi en sú rannsókn var hins vegar aldrei unnin. Þá mundi ofbeldisvarnaráð halda úti miðlægu gagnasafni um málaflökkinn og styðja aðgerðir til að draga úr eftirspurn eftir klámi og auka fræðslu um tengsl ofbeldis, vændis og kláms. Vísast að öðru leyti til útgefins skjals UNICEF um tillögur um leiðir til að minnka ofbeldi gegn börnum.

Meiri hlutinn tekur undir athugasemdir UNICEF sem og fleiri aðila um þörfina fyrir markvisst forvarnastarf sem hafi það markmið að vinna gegn ofbeldi með sérstakri áherslu á ofbeldi gegn börnum. Meiri hlutinn telur að um afar þarft verkefni sé að ræða. Forvarnir eru gríðarlega mikilvægar og langtímaverkefni og ber að vinna að þeim sem slíkum svo góður árangur náist. Meiri hlutinn telur því afar mikilvægt að í næstu framkvæmdaáætlun í barnavernd sem á að leggja fram eftir sveitarstjórnarkosningar vorið 2014 verði fjallað um

mikilvægi forvarna og verkefni líkt og þau sem UNICEF á Íslandi leggur til að verði komið á laggirnar til að vinna gegn ofbeldi með áherslu á ofbeldi gegn börnum.

Menntun starfsmanna og rannsóknir í málaflokknum.

Nefndin fjallaði nokkuð um menntun þeirra starfsmanna sem vinna að barnaverndarmálum. Fyrir nefndinni kom fram að þeir starfsmenn sem vinna að erfiðustu málaflokkum barnaverndarmála væru undir miklu álagi og að menntun þeirra væri í mörgum tilfellum ekki sniðin að því erfiða starfi sem þeir eiga í vændum. Þörf væri á sérhæfðu framhaldsnámi með færni til að vinna að rannsóknum og þróun á aðferðum í málaflokknum í teymisvinnu með öðrum sérfræðingum innan stofnunar og utan. Nauðsynleg sérfræðipækking tryggir að mál séu unnin á viðunandi hátt á hæfilegum málsmeðferðartíma. Þá þarf einnig að huga að endurmenntun og mati á þeirri vinnu sem unnin er hverju sinni en mat á árangri er gott tæki fyrir yfirmenn og stjórnendur til að skapa góð starfsskilyrði fyrir starfsfólk og má þannig stuðla að meiri skilvirkni í starfi og koma í veg fyrir að fólk brenni upp undir miklu álagi á skömmum tíma.

Þá kom einnig fram að skriflegum þætti barnaverndarstarfs væri ábótavant en það stæði rannsóknarstarfi í málaflokknum fyrir þrifum. Er þar vísað til þess að framsetningu upplýsinga, samræmi í innihaldi skráningar, samanburði, gegnsæi, eftirfylgd og greinargerðum barnaverndar vegna dómsmála er ábótavant. Voru nefndinni kynntar rannsóknir dr. Sigrúnar Júlíusdóttur þess efnis. Ástæður þessa kunna að vera margvíslegar en ætla má að hluti þeirra sé að starfsfólk er önnur kafið og á því hvíla mörg þung verkefni og skriflegi þátturinn verður því að einhverju leyti út undan. Ljóst er að mat á árangri vinnu og ferla fer að nokkru eftir því hversu mikil og góð skrifleg gögn eru til. Nauðsynlegt er því að huga betur að þessum þáttum í barnaverndarstarfinu svo efla megi nauðsynlegar rannsóknir í málaflokknum þar sem hugað verði að öllum hópum barna og þar á meðal verði litið til barna í minnihlutahópum.

Nefndin fjallaði einnig um stærð barnaverndarnefnda og hvort rétt væri að breyta lágmarksfjölda íbúa að baki hverri barnaverndarnefnd, sbr. 2. mgr. 10. gr. barnaverndarlaga. Samkvæmt ákvæðinu skal samanlagður íbúafjöldi sveitarfélaga að baki hverri barnaverndarnefnd ekki vera undir 1.500 íbúum. Til samanburðar má geta þess að samsvarandi lágmarksfjöldi varðandi þjónustusvæði fyrir fatlað fólk samkvæmt lögum um málefni fatlaðs fólks, nr. 59/1992, er 8.000 íbúar, sbr. 2. mgr. 4. gr. þeirra laga. Með fækkun barnaverndarnefnda væri hægt að efla þær sem eftir eru með auknum mannafla og meiri sérfræðipækkingu. Rétt er að leita allra leiða til að efla barnaverndarstarf og nýta fjármuni sem best og ætti því m.a. að kanna hvort faglegar ástæður mæli með því að fækka barnaverndarnefndum.

Þjónusta á stofnunum.

Á síðustu missirum hefur orðið viðhorfsbreyting til stofnanameðferða og dregið hefur verið úr því að börn séu vistuð á sérstökum stofnunum en þess í stað er fjölskyldum barna sem þurfa á þjónustu barnaverndaryfirvalda að halda veittur meiri stuðningur og aðstoð heima við þannig að ekki þurfi að taka barn af heimili sínu. Meðferðarheimilum fyrir börn hefur fækkað á síðustu árum en þau sem eftir eru hafa hins vegar styrkst hvað fagþekkingu starfsfólks varðar. Lögð er áhersla á stigskipta þjónustu og fjólkerfameðferð og aðkomu fleiri aðila en áður, t.d. í gegnum skólakerfið og félagsþjónustur sveitarfélaga. Hugmyndafræðin snýst um að halda börnunum í sínum heimahögum og nýta traust fjölskyldunetsins þar sem það er til staðar í stað þess að fjarlægja börn af heimilum sínum og flytja þau á stofnanir þar sem þau upplifa sig utangarðs í samfélaginu og eftirleikur slíkrar meðferðar getur verið erf-

iður. Ekki verður hins vegar horft fram hjá því að sum börn þurfa á vistun á stofnun að halda og telur meiri hlutinn mikilvægt að þau úrræði standi áfram til boða fyrir þau börn sem þurfa á slíkri vistun að halda. Sú þróun sem orðið hefur upp á síðkastið er hins vegar jákvæð og þjónar hagsmunum flestra barna en tryggja þarf að þessi þróun verði um allt land svo að öll börn og fjölskyldur þeirra, óháð búsetu, hafi aðgang að sambærilegum stuðningi.

Þjónusta við fötluð börn.

Fyrir nefndinni kom fram að fötluð börn hafa orðið töluvert út undan í barnaverndarkerfinu og fá stundum ekki þá þjónustu sem þau þurfa nauðsynlega á að halda. Fötluð börn þurfa oft mikla þjónustu sem er auk þess oft og tíðum ekki tímabundin og þurfa þau oft á þjónustu að halda eftir að þau eru komin á fullorðinsár. Nauðsynlegt er að auka þekkingu starfsfólks sem vinnur að barnaverndarmálum á málefnum fatlaðra barna sérstaklega. Þá kom fram fyrir nefndinni að fötluð börn eru í meiri áhættu en önnur börn á því að verða fyrir ofbeldi, líkamlegu, andlegu og kynferðislegu. Skilgreina þarf fötluð börn sem sérstakan áhættuhóp með hliðsjón af þessu. Meiri hlutinn tekur heils hugar undir þessar athugasemdir og bendir á að ráðherra hefur skipað starfshóp sem mun kanna hvernig hægt sé að beina meiri athygli að fötluðum börnum og þeirra þörfum og hvernig megi mæta þeim og telur rétt að starfshópurinn skoði fyrrnefnt atriði sérstaklega í samvinnu við þá aðila sem nú vinna að framkvæmdaáætlun í málefnum fatlaðs fólks en þar er þetta atriði einnig til skoðunar. Þá var einnig fjallað um mikilvægi þess að veita systkinum fatlaðra barna meiri þjónustu en þau búa oft við flókin uppvaxtarskilyrði sem taka þarf sérstakt tillit til.

Ný meðferðarstofnun.

Í lið 3.2.3 í framkvæmdaáætluninni, sem fjallað er um í kafla 2.2.3 í greinargerðinni, kemur fram að Barnaverndastofa hefur lagt til að sett verði á fót ný meðferðarstofnun sem verði aðallega fyrir unglinga á aldrinum 16–18 ára sem glíma við alvarlegan vímuefnavanda, sem hafa jafnvel lokið einni eða fleiri meðferðum á stofnunum Barnaverndarstofu, geta ekki nýtt sér önnur vímuefna meðferðarúrræði eða er ítrekað vísað burt úr slíkum úrræðum vegna hegðunarvandamála. Slík stofnun gæti einnig nýst til að þjónusta þá unglinga sem sæta gæsluvarðhaldi eða hafa hlotið óskilorðsbundna dóma og geta ekki eða vilja ekki afplána dóma á öðrum meðferðarheimilum Barnaverndarstofu eða að ekki er talið æskilegt að vista þá með öðrum unglungum á meðferðarheimilum. Verði slík stofnun að veruleika væri tryggt að börn undir 18 ára aldri sem sæta gæsluvarðhaldi eða hljóta óskilorðsbundna dóma verði ekki vistuð í fangelsi með fullorðnum föngum. Er slík stofnun ein af skilyrðunum fyrir því að Ísland geti uppfyllt skyldur sínar samkvæmt samningi Sameinuðu þjóðanna um réttindi barnsins. Frá því að Ísland fullgilti barnasáttmálann hefur verið í gildi yfirlýsing íslenskra stjórnvalda við ákvæði c-liðar 37. gr. barnasáttmálans en í ákvæðinu er kveðið á um að vista skuli fanga undir 18 ára aldri aðskilda frá fullorðnum föngum. Eins og komið hefur fram hefur barnasáttmálinn nú öðlast lagagildi hér á landi og því brýnt að leyst verði úr því hvernig megi vista gæsluvarðhaldsfanga undir 18 ára aldri sem og þá sem hafa hlotið óskilorðsbundna dóma aðskilda frá fullorðnum föngum.

Fyrir nefndinni kom fram að rekstur stofnunar sem þessarar mundi kosta um 250 millj. kr. á ári og hefur Barnaverndarstofa eins og sakir standa ekki fjárveitingu til að mæta þeim kostnaði. Meiri hlutinn telur að leggja þurfi heildstætt mat á hvernig haga beri uppbyggingu nauðsynlegra stofnanaúrræða svo hægt verði að mæta kröfum barnasáttmálans um að börnum skuli haldið aðskildum frá fullorðnum föngum. Kanna þarf vel út frá faglegum sem og fjár-

hagslegum forsendum hvort mögulegt sé að setja á fót nýja stofnun á gildistíma þessarar framkvæmdaáætlunar eða hvort önnur úrræði skuli könnuð.

Tilraunaverkefni.

Í liðum 3.3.1 og 3.3.2 í framkvæmdaáætluninni, sem fjallað er um í köflum 2.3.1 og 2.3.2 í greinargerð með þingsályktunartillögum, er fjallað um tilraunaverkefni sem hafa verið starfrækt síðustu ár. Annars vegar er um að ræða verkefni vegna tilkynninga um heimilisofbeldi. Til þessa verkefnis hefur verið ráðinn sérfræðingur til að fara með lögreglu á höfuðborgarsvæðinu í útköll vegna heimilisofbeldis þar sem börn eru á heimilum. Sérfræðingurinn hefur það hlutverk að ræða við barnið, huga að líðan þess og meta hvaða stuðningur er viðeigandi fyrir barnið og veita í kjölfarið meðferð. Fyrir nefndinni kom fram að um mjög gott og þarft verkefni væri að ræða enda getur það haft alvarleg áhrif á börn og þroska þeirra að búa við heimilisofbeldi. Þá kom fram að rétt væri að meta árangur verkefnisins og halda því áfram ef árangur telst góður. Hins vegar er um að ræða verkefni sem felst í hópmeðferð fyrir börn sem búa við heimilisofbeldi eða eru beitt líkamlegu ofbeldi sem starfrækt hefur verið af Barnaverndarstofu frá því í janúar 2010. Upphaflega var um að ræða tilraunaverkefni til eins árs sem síðan var framlengt til loka árs 2012 og gera átti árangursmat á því. Fyrir nefndinni kom fram að verkefnið hefði gefist vel og mikilvægt væri að halda því áfram.

Af hálfu Barnaverndarstofu kom hins vegar fram að fjármagn til fyrrgreindra verkefna væri ekki fyrir hendi og að fengist ekki meira fjármagn væri ljóst að verkefnið mundu leggjast af á næstunni. Meiri hlutinn telur þetta mjög miður enda um mikilvæg tilraunaverkefni að ræða þar sem sjónum er beint að hópi barna sem hingað til hefur verið töluvert afskiptalaus í kerfinu og fengið litla þjónustu en er augljóslega í mikilli þörf fyrir hana. Verði verkefnið lögð niður er það óheillaþróun en meiri hlutanum er þó fullljóst að Barnaverndarstofu er sniðinn þröngur stakkur hvað fjármagn varðar og að forgangsraða verður verkefnum innan stofnunarinnar.

Kostnaðargreining og fjármagn til málaflokksins.

Sú áætlun í barnavernd sem hér er til umfjöllunar kostar óhjákvæmilega töluvert fjármagn í framkvæmd. Eins og komið hefur fram er heppilegra að áætlun sem þessi sé gerð til lengri tíma í senn en til eins árs og þá er jafnframt mikilvægt að framkvæmdaáætlunin sé kostnaðargreind í heild sinni sem og einstakir liðir hennar. Með því móti er betur ljóst hversu mikið fjármagn þarf til málaflokksins svo framkvæma megi áætlunina og forgangsraða verkefnum á skilvirkan hátt. Fjármagn til málaflokksins er af skornum skammti og hefur þurft að skera niður verkefni sem ekki eru beinlínis lögbundin og þrengt hefur að lögbundnum verkefnum Barnaverndarstofu. Meiri hlutinn telur mikilvægt að leitað verði allra leiða til að nýta fjármagn til málaflokksins sem best og auka fjárheimildir til barnaverndarmála eftir því sem frekast er unnt til að hægt sé að þróa áfram hér á landi barnaverndarstarf af miklum gæðum til hagsbóta fyrir öll börn sem þurfa á þjónustu að halda sem og fjölskyldur þeirra.

Niðurlag.

Meiri hlutinn telur framkvæmdaáætlun í barnavernd mikilvæga sem stefnumótun í málaflokksnum. Meiri hlutinn telur þó að framkvæmdaáætlun sem þessi þurfi að vera markvissari og með skýrum tímaramma fyrir hvert verkefni sem skulu kostnaðargreind svo hægt sé að meta hversu mikið fjármagn þurfi til að hrinda áætluninni í framkvæmd. Líkt og fram hefur komið hafa gestir nefndarinnar bent á að áætlunin sé að vissu leyti óraunhæf þar sem nauðsynlegt fjármagn mun ekki fylgja henni. Meiri hlutinn tekur undir þessar athugasemdir

og ítrekar nauðsyn þess að áætlunin verði ekki aðeins fögur orð á blaði heldur að henni fylgi það fjármagn sem þarf. Þá leggur meiri hlutinn til þá breytingartillögu að velferðarráðuneytinu verði gert að gera velferðarnefnd Alþingis grein fyrir framvindu framkvæmdaáætlunarinnar á hverju vorþingi frá samþykkt hennar. Með því móti fái þingið nauðsynlegar upplýsingar til að fylgja eftir framkvæmd áætlunarinnar. Meiri hlutinn telur einnig að við gerð framkvæmdaáætlunar sem þessarar skuli leitað samráðs við helstu hagsmunaaðila þannig að sem flestir komi að borðinu og öll sjónarmið komi fram. Meiri hlutinn telur því nauðsynlegt að þær athugasemdir sem fjallað hefur verið um verði teknar til athugunar við vinnu að næstu framkvæmdaáætlun en skv. 3. mgr. 5. gr. barnaverndarlaga á að leggja hana fram eftir næstu sveitarstjórnarkosningu vorið 2014.

Að þessu virtu leggur meiri hlutinn til að þingsályktunartillagan verði **samþykkt** með svohljóðandi:

BREYTINGU:

Við bætist nýr töluliður, svohljóðandi:

4. Eftirfylgni Alþingis.

Velferðarráðuneytið skal á hverju vorþingi frá samþykkt þingsályktunar þessarar gera velferðarnefnd Alþingis grein fyrir framgangi framkvæmdaáætlunarinnar á undangengnu ári á fundi nefndarinnar.

Bókun Einars K. Guðfinnssonar og Unnar Brár Konráðsdóttur.

Í raun er hér ekki um eiginlega framkvæmdaáætlun að ræða, þó að heiti þingskjalsins gefi annað til kynna. Þessi áætlun gildir í um eitt ár og felur fremur í sér ramma utan um núverandi starfsemi og almenna stefnumótun. Meginhluti þess tímabils sem áætlunin tekur til hefur þegar verið ákveðinn með fjárveitingum fyrir árið 2013. Helsti galli áætlunarinnar er sá að hún er ekki nægjanlega markviss. Enginn tímarammi er markaður fyrir einstök verkefni. Ekki er heldur að finna kostnaðargreiningu á verkefnunum né vegna áætlunarinnar í heild. Allt þetta verður að bíða nýrrar áætlunar, sem ekki verður gerð fyrr en í fyrsta lagi einhvern tíma á næsta ári.

Varðandi áform um nýja meðferðarstofnun, sem meðal annars gæti leitt af lögfestingu Alþingis á samningi Sameinuðu þjóðanna um rétt réttindi barnsins, er mjög margt óljóst. Enn er ómótað hvernig slíkri stofnun verði háttáð. Talið er að rekstur hennar kosti árlega 250 millj. kr. Fjárveitingar næstu ára munu hins vegar ráða því hvort, hvenær og þá hvernig sú stofnun verði sett á laggirnar.

Alþingi, 4. mars 2013.

Sigríður Ingibjörg Ingadóttir,
form., frsm.

Þuríður Backman.

Jónína Rós Guðmundsdóttir.

Logi Már Einarsson.

Oddný G. Harðardóttir.

Einar K. Guðfinnsson,
með fyrirvara.

Unnur Brá Konráðsdóttir,
með fyrirvara.

Guðmundur Steingrímsson.